



RISALANDSMÓTUMFÍ
KÓPAVOGI 5.-8.JÚLÍ

4.tölublað Júlí 2007



Komdu á Landsmót!



Atburðir sem þú mátt ekki missa af.

- Götuþlaup
- Sögusýning
- Flik Flak
- Strandþlak
- Menningarhátíð
- Landsmótslagið
- Stórtónleikar
- Happdrætti
- Sparkvallarbolti
- Pönnukökubakstur
- Vatnsbyssuslagur
- Tennis
- Nördarnir
- Alþjóðlegt frjálssíðtamót
- Setningarhátíð

<http://landsmot.kopavogur.is>



Kæru landsmenn

Verið hjartanlega velkomin á 25. Landsmót UMFÍ í Kópavogi 5.-8. júlí. Ég hef hlakkað mjög til þessa mikla Landsmóts, en sakna þess að minn gamli vinur og samstarfsmaður, Sigurður Geirdal bæjarstjóri og fyrrum framkvæmdastjóri UMFÍ, skyldi ekki lifa það að sjá sameiginlegt áhugamál okkar um risastórt landsmót verða að veruleika í Kópavogi.



Raunar er það svo að stefnumótun stjórnenda Kópavogsbæjar varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja hefur mörg undanfarin ár tekið mið af því að hér verði haldið Landsmót UMFÍ með sem mestum glæsibrag. Ég fullyrði að ekkert bæjarfélag getur boðið landsmóti UMFÍ aðra eins umgjörð og Kópavogsbær gerir nú. Kópavogsbær hefur byggt mikil íþróttamannvirki á síðustu árum og Landsmótið væri hægt að halda innandyrna ef því væri að skipta. Íþróttamannvirkin eru ekki bara glæsileg og byggð samkvæmt yfstrustu kröfum. Í Kópavogi er landfræðileg miðja höfuðborgarsvæðisins og leiðir að og frá keppnisstöðum eru hvergi greiðari.

Kópavogur liggur um þjóðbraut þvera. Í fornsögum var orðatiltækið "um þjóðbraut þvera" notað um höfðingjasetur, stað þar sem gestir áttu jafnan á góðu von. Það er ósk mín að keppendur og gestir 25. landsmóts UMFÍ eigi góða landsmótsdaga í Kópavogi, keppni verði hörð en drengileg og gestir njóti fjölbreyttrar dagskrár og gestrisni okkar Kópavogsbúa.

Gunnar I. Birgisson
Bæjarstjóri og formaður landsmótsnefndar

Atburðir sem þú mátt ekki missa af.



LANDSLEIKUR NÖRDANNA

Á Kópavogsvelli föstudaginn 6. júlí kl. 20:00 verður forvitnilegur knattspyrnuleikur þar sem íslensku nördarnir etja kappi við sænsku nördana. Við höfum harma að hefna eftir 5-0 tap gegn Svíum fyrir skömmu og ætla nördarnir okkar að leiðrétta það með því að valta yfir sænsku nördana. Það verða allir að mæta á þennan stórvíðburð og hvetja okkar menn til sigurs.



STÓRTÓNLEIKAR

Stórtónleikar með úrvalsiði tónlistarmanna verða haldnir í Smáranum laugardagskvöldið 7. júlí kl. 20:00. Þar koma meðal annars fram: Bubbi Morthens með hljómsveit sinni Stríð og Friður og verður prógrammið byggt upp á mörgum af þekktustu lögum Bubba í sannkölluðum rokkbúningi. Björgvin Halldórsson mætir á svæðið og mun flytja nokkur valinkunnug lög ásamt hljómsveit sinni Brimkló. Lay Low stígur einnig á stokk en hún er ein af framtíðartónlistarmönnum okkar. Hara systur syngja nokkur lög en þær heilluðu landsmenn með frábærri frammistöðu í X-Factor keppninni. Þar að auki mun Svitabandið flytja nokkur lög en sveitin er ein af vinsælustu hljómsveitum landsins í dag meðal yngri kynslóðarinnar.



SIRKUSINN FLIK FLAK

Hinn magnaði sirkus, FLIK FLAK, kemur í heimsókn frá Danmörku og sýnir listir sýnar laugardaginn 7. júlí kl 16:00 og 17:00. Þetta er stærsti og flottasti sirkus Norðurlanda en hann er aðallega skipaður börnum og unglingum. Árið 2003 heimsótti FLIK FLAK sirkusinn okkur Íslendinga þar sem töframenn, trúðar og loftfimleikamenn sýndu listir sýnar við góðar undirtektir. Þetta er gott tækifæri fyrir alla fjölskylduna að lyfta sér upp og gera sér glaðan dag.



ALPJÓÐLEGT FRJÁLSÍPRÓTTAMÓT

Á sunnudeginum samhliða frjálsíþróttamóti Landsmótsins munu kringlukastararnir Gerd Kanter, Eistlandi, Niklas Arrhenius, Svíþjóð og Dariusz Slowik, Kanada etja kappi. Þess má geta að Kanter er nr. 1 á heimslistanum í kringlukasti um þessar mundir. Jafnframt því mun Þórey Edda keppa í stangastökki við Kristínu Gadschiew, Þýskalandi, Hönnu-Míu Person, Svíðjóð og Mary Sauer, Bandaríkjunum. Alþjóðlega frjálsíþróttarkeppnin verður einn af stærstu

RISALANDSMÓTUMFÍ

KÓPAVOGI 5.–8.JÚLÍ

Íþróttaviðburðum sem boðið verður upp á í sumar. Auk þess mun Suður-Afríski spretthlauparinn, Oscar Pistorious, mæta á svæðið og etja kappi við nokkra Íslendinga í 400 metra hlaupi. Oscar er fljótasti fótleggjalaus maður heims en hann á heimsmetið í 100, 200, og 400 metra spretthlaupi í sínum flokki. Einnig má geta þess að Oscar vann til silfurverðlauna á Suður-Afríkumótinu í frjálsum íþróttum nú í ár þar sem hann keppti við ófatlaða menn í 400 metra hlaupi.



MENNINGARHÁTIÐ

Menningarhátíð Kópavogs hefst á menningartorfunni með hinum ýmsu viðburðum frá kl. 17-19. Á Hálsatorgi verða rokktonleikar. Þar koma fram Skábræður, Rottweilerhundar og upprennandi unglíngahljómssveitir úr félagsmiðstöðvum ÍTK. Í Salnum verður boðið upp á tvenna tónleika, kl.17:00 og 18:00. Fram koma Gissur Páll Gissurarson tenór, Guðrún Birgisdóttir og Martial Nardeau flautuleikarar, Matthías Nardeau óbóleikari og Jónas Ingimundarson píanóleikari, Guðrún Gunnarsdóttir og Friðrik Ómar söngvarar. Í Gerðarsafni verður sögusýning UMFÍ í tilefni af 100 ára afmæli félagsins. Í Bókasafni Kópavogs verður keppt í stafsetnyngu, kl.17:00 sem er ein af keppnisgreinum landsmóts. Á safninu má finna fjölbreyttan safnakost og gefinn verður út bæklingur um allt íþróttæfni safnsins. Keppni á Landsmóti í jurtagreiningu, kl. 17:00, fer fram í Náttúrufræðistofu Kópavogs. Einnig verður til sýning safnsins opin en þar má finna ýmis dýr, fiska og steina. Götuleikhús Kópavogs verður með uppákomu og Sprell leiktæki á svæðinu fyrir yngri kynslóðina. Pylsur, gos og popp verða í boði SPK á Hálsatorgi.



SETNINGARHÁTIÐ

Setningarhátíðin verður á Kópavogsvelli fimmtudaginn 6. júlí kl. 20:00. Þar verður ný og glæsileg stúka vígð, íþróttamenn ganga inn á völlinn og Landsmótseldurinn verður tendraður. Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, setur mótið og einnig munu Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, og Björn Jónsson formaður UMFÍ ávarpa nærstadda. Auk þess verður boðið upp á ýmis tónlistar- og skemmtiatriði. Friðrik Ómar syngur nokkur lög og Landsmótslagið verður flutt af þeim Birgittu og Jónsa. Kynnir á setningarhátíðinni verður Örn Árnason leikari.



STÓRI PÖNNUKÖKUDAGURINN

Vegna mikilla vinsælda á fyrri landsmótum þar sem keppt hefur verið í pönnukökubakstri verður stóri pönnukökudagurinn haldinn í Kópavogi föstudaginn 6. júlí. Stefnt verður á að fá fyrirtæki í Kópavogi til þess að taka þátt og baka pönnukökur fyrir gesti og gangandi. Sjálf pönnukökubaksturskeppnin verður síðan í Smáralindinni laugardaginn 7. júlí klukkan 16:00. Allir með!



LANDSMÓTSLAGIÐ

Á setningarhátíð Landsmóts UMFÍ verður Landsmótslagið „Komdu með“, flutt lífandi í fyrsta skipti af þeim Birgittu Haukdal og Jónsa í Svörtum Fötum. Lagið er eftir Trausta Bjarnason en hann samdi einnig textann ásamt Ragnheiði systur sinni. Það má enginn missa af þessum mögnuðu tónlistarmönnum flytja frábært lag.



HEIMSMET Í VATNBYSSTRÍÐI

Reynt verður að setja heimsmet í vatnsbyssstríði laugardaginn 7. júlí kl. 14:00. Til þess að heimsmetið náist þurfa 1195 einstaklingar að taka þátt í stríðinu í einu. Eftir heimsmetið mun rokkgoðið Magni stíga á stökk og taka nokkur lög ásamt hljómssveit sinni Á móti sól. Kynnir verður útvarpsmaðurinn og knattspyrnuhetjan Heiðar Austmann.



Keppnisstaðir

- 1. Smárinn** Ýmsar keppnisgreinar (sjá minna kort á hinni hliðinni)
- 2. Smáralind** Keppni í línudansi, samkvæmisdansi, pönnukökubakstri og borðleggingum
- 3. Glæðheimar** Keppni í hestaíþróttum
- 4. Versalir** Keppni í fimleikum. Einnig verða eldri borgarar með fimleikasýningu
- 5. Digranes** Keppni í blaki, boccia, handknattleik og skotfimi
- 6. Fagrilundur** Keppni í strandblaki og knattspyrnu
- 7. Náttúrfræðistofa Kópavogs** Keppni í pútti og jurtagreiningu
- 8. Sundlaug Kópavogs** Keppni í sundi
- 9. Kópavogstún** Aðaltjaldstæði Landsmótsins
- 10. Vesturvör** Keppni í siglingum og dráttarvélaakstri
- 11. Vífilsstaðavöllur** Keppni í golfi
- 12. Snælandsskóli** Keppni í borðtennis
- 13. Lindaskóli** Keppni í ringó
- 14. Kópavogsdalur** Keppni í frísbíggj
- 15. Leirdalur í salahverfi** Keppni í gróðursetningu


Skeet keppni í skotiþróttum fer svo fram á Íðavöllum
Hjólreiðakeppni fer fram í Heiðmörk

- | | | | |
|--|--------------------------|--|----------------|
| | Tjaldstæði | | Risa-Tónleikar |
| | Bílastæði | | Sparkvellingur |
| | Cirkus Flik Flak | | Sjúkrahúsið |
| | Höfuðstöðvar | | Lögreglustöð |
| | Veitingasala og skemmtun | | |
| | Ungmennafélagsþorpið | | |



RISALANDSMÓTUMFÍ

KÓPAVOGI 5.-8.JÚLÍ



11.





SPARKVALLARMÓT

Á Landsmóti UMFÍ verður í fyrsta sinn keppt í sparkvallarbolta. Mótið er opið almenningi og eru þeir sem einhvern tíma hafa sparkað í bolta hvattir til að taka þátt. Leikið verður í átta riðlum og komast tvö efstu liðin úr hverjum riðli í úrslitakeppni. Sigurliðið fær flugmiða til Evrópu að eigin vali með Ícelandair. Einnig eru veglegir vinningar í boði fyrir liðin sem lenda í 2. og 3. sæti. Skráðu þitt lið til leiks og sparkaðu til sigurs!



TENNIS

Tenniskeppnin fer fram í nýrri og glæsilegri tennishöll og geta allir tekið þátt. Einnig verður boðið upp á sýnikennslu í tennis á laugardeginum frá klukkan 12. Þetta er því tilvalið tækifæri fyrir alla sem hafa áhuga á þessari skemmtilegu íþrótt að mæta og prófa.



STRANDBLAK

Í fyrsta skipti á Landsmóti UMFÍ verður keppt í strandblaki. Keppnin fer fram í Fagralundi en keppt er bæði í karla- og kvennaflokki. Mótið er opið almenningi og eru 2 leikmenn í hverju liði. Farið verður eftir strandblaksreglum Blaksambands Íslands.



GÖTUHLAUP

Keppt verður í götuhlaupi og verður hægt að velja um 1km, 3km eða 10km hlaup. Vegleg verðlaun verða í boði fyrir efstu þrjú sætin í hverju hlaupi og er fyrsti vinningur í 10km hlaupinu utanlandsferð. Hægt er að sjá kort af hlaupaleiðunum á vefsíðu landsmótsins <http://landsmot.kopavogur.is>



SÖGUSÝNING

Í Gerðarsafni Kópavogs verður sögusýning UMFÍ en félagið fagnar nú 100 ára afmæli sínu. Sýningin verður síðan opin yfir alla helgina og fram eftir sumri.



Nokkrir gagnlegir punktar:

Get ég tekið þátt?

Já, auðvitað getur þú tekið þátt. Boðið verður upp á íþróttakeppni fyrir almenning en þar er meðal annars keppt í sparkvallarbolta, tennis, standblaki, golfi, götuhlaupi, karate, hjólreiðum, fimleikum og frísbígolfi. Allir með!

Get ég verið sjálfbóðaliði á Landsmóti UMFÍ?

Já, þú getur verið sjálfbóðaliði. Hringdu á skrifstofu Landmótsins í Kópavogi í síma 554-0070 og skráðu þig sem sjálfbóðaliða.

Hvar eru tjaldstæðin?

Tjaldstæði keppenda verða á Kópavogstúni við Kópavog. Þau eru merkt inná kortið í miðjuopnunni. Þá verður fjölskyldutjaldstæðið á Smárahvammsvelli. Þá verður Ungmennafélagsþorpið á bílastæðinu við Kópavogsvöll.

Hvernig skrái ég mig?

Þú ferð inn á heimasíðu Landmóts UMFÍ, <http://landsmot.kopavogur.is>, og skráir þig til leiks. Allir með!

Hvernig verður veðurspáin?

Sól og blíða alla helgina eins og sést á veðurspánni á heimasíðunni okkar <http://landsmot.kopavogur.is>

RISALANDSMÓTUMFÍ

KÓPAVOGI 5.–8.JÚLÍ

Fimmtudagur														
	8-9	9-10	10-11	11-12	12-13	13-14	14-15	15-16	16-17	17-18	18-19	19-20	20-21	21-22
Smárinn						Körfuknattleikur								
Digranes	Boccia													
Kópavogsvöllur									Frjálsar					Setningarháttíð
Knattsp.vellir Smára						Knattspyrna								
Fagrilundur						Knattspyrna								
Fagrilundur			Strandblak											
Smáraskóli							Bridds							
Strandblakvellir			Strandblak											
Tennishöll	Tennis													
Vífilsstaðavöllur						Golf								
Sparkvellir									Sparkvallarbolti					
Bókasafn Kópavogs									Stafsetning					

Föstudagur														
	8-9	9-10	10-11	11-12	12-13	13-14	14-15	15-16	16-17	17-18	18-19	19-20	20-21	21-22
Smárinn						Körfuknattleikur								
Digranes		Blak				Handbolti								
Versalir						Fimleikar								
Lindaskóli		Ringo												
Snælandsskóli						Borótennis								
Kópavogsvöllur			Frjálsar										Nördaleikur	
Kópavogsvöllur							ÍF-Frjálsar							
Knattsp.vellir Smára			Knattspyrna											
Fagrilundur			Knattspyrna											
Vífilsstaðavöllur	Golf													
Smáraskóli		Skák												
Smáraskóli						Bridds								
Strandblakvellir		Strandblak												
Kópavogslaug	Sund													
Vesturvör									Siglingar					
Smáralind							Lagt á borð							
Tennishöll	Tennis													
Iðavellir			Skotíþróttir											
Menningarorfan						Pútt								
Náttúrufræðistofa									Jurtagreining					
Sparkvellir									Sparkvallarbolti					
Hálsatorg									Menningardagskrá					
Kópavogsdal									Downhill Hjólreiðar					

Laugardagur														
	8-9	9-10	10-11	11-12	12-13	13-14	14-15	15-16	16-17	17-18	18-19	19-20	20-21	21-23
Smárinn	Körfuknattleikur					Glima			Körfuknattleikur					
Smárinn			Stafganga											
Digranes		Blak					Handbolti							
Versalir									ÍE-Hópleikfimi					
Snælandsskóli				Borótennis										
Kópavogsvöllur		Frjálsar			Knattspyrna	ÍE-dans		Frjálsar		Starfshlaup				
Knattsp.vellir Smára		Knattspyrna				Vatnsbyssustríð								
Glaðheimar		Hestaíþróttir												
Vífilsstaðavöllur	Golf													
Smáraskóli		Skák												
Smáraskóli						Bridds								
Strandblakvellir		Strandblak												
Sundlaug Kópavogs		Sund / ÍF-Sund												
Vesturvör						Siglingar								
Vesturvör							Dráttarvélarakstur							
Smáralind		ÍE-Ínudans				Dans			Pönnukökubakstur					
Digranes kjallari		Skotíþróttir				Skotíþróttir (loft)								
Tennishöll	Tennis													
Iðavellir			Skotíþróttir											
Kópavogsdalur						Fjölskylduhátíð						Stórtónleikar		
Kópavogsdalur						Folf								
Sparkvellir						Sparkvallarbolti								
Gótur Kópavogs			Götuþlaup											
Leirdalur						Gróðursetning								

Sunnudagur											
	8-9	9-10	10-11	11-12	12-13	13-14	14-15	15-16	16-17	17-18	
Smárinn	Karfa										
Digranes		Blak									
Digranes kjallari		Skotíþróttir									
Lindaskóli		Karate									
Kópavogsvöllur		Frjálsar			Knattspyrna	Mótslit					
Kópavogsvöllur		Alþjóðl. frjálsar									
Knattsp.vellir Smára		Knattspyrna									
Glaðheimar		Hestaíþróttir									
Heiðmörk		Hjólreiðar									
Tennishöll				Tennis							
Salalaug		ÍE-harmonikkuball									
Vífilsstaðavöllur				Golf							

HVER ER ÞÍN ÍPRÓTT? - SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

- FIMLEIKAR
- RINGÓ
- PÚTT
- LÍNUDANS
- GOLF
- STRANDBLAK
- GÖTUHLAUP
- TENNIS
- SPARKVALLABOLTI
- HJÓLREIÐAR
- BOCCIA
- FRISBÍGOLF



Eyjólfur Sverrisson setur síðasta Landsmót UMFÍ.
Ljósmynd: Pétur Björnsson

Hver er þín íþrótt?

Nú hefur þú tækifæri til þess að láta drauminn rætast og keppa á Landsmóti - og jafnvel komast á pall!



Toyota Corolla bítfreið



10 flugferðir með 20.000 gjaldeyri

Gjafakörfum frá Vífilfelli

Ef þú vinnur ekki til verðlauna getur þú samt unnið glæsilega vinninga í happdrætti Landsmótsins.

Nú er skráning í fullum gangi á landsmót UMFÍ en keppni í ofantöldum greinum er öllum opin. Allir keppendur fá happdrættismiða en þar verður dregið úr glæsilegum vinningum m.a. Toyota Corolla, 10 utanlandsferðum með gjaldeyri og gjafakörfum frá Vífilfelli. Landsmótið er fjögurra daga íþróttá-, menningar- og skemmtihátíð sem haldin verður í Kópavogi 5.-8. júlí.

Skráðu þig núna!

<http://landsmot.kopavogur.is>



Landsmót UMFÍ - frábær fjölskylduhátíð fyrir alla!



LANDSMÓTUMFÍ
KÓPAVOGI 5.-8.JÚLÍ